# MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

# ÁRSSKÝRSLA 2020

# EFNISYFIRLIT

INNGANGUR ..... 3
HLUTVERK ..... 3
50 ÁRA AFMÆLI MÍ ..... 3
HEIMSFARALDUR COVID 19 ..... 4
NEMENDUR ..... 5
**Innritaðir nýnemar** ..... 5
**þrenns konar námsfyrirkomulag** ..... 6
**Samsetning nemendahópsins** ..... 6
**nemendaþjónusta** ..... 8
**Brottfall** ..... 8
**Forvarnir** ..... 9
NÁM ..... 9
**Brautir í boði** ..... 9
**Hlutfall Bók-, starfs- og verknáms** ..... 10
FÉLAGSLÍF NEMENDA ..... 11
MANNAUÐUR ..... 13
SAMSTARF ..... 14
MARKMIÐ OG STEFNA ..... 16
**Markmið a1: Minnkað brotthvarf nemenda við skólann** ..... 16
**Markmið 2: Fjölga útskrifuðum úr starfs- og TÆKNInámi** ..... 17
**Markmið A3: Að auka gæði menntunar við skólann** ..... 17
**Markmið B1. Draga úr umhverfisáhrifum** ..... 18
**Markmið B2. innleiðing gæðakerfis vegna gæðavottaðs verknáms** ..... 18
**Markmið B3. Aukin starfsþróun og starfsánægja.** ..... 18
FRAMVINDA OG ÁVINNINGUR AF ÁHERSLUVERKEFNUM ..... 19
**Innleiðing gæðastjórnunar** ..... 19
**Skjalavarsla** ..... 19
**Persónuvernd** ..... 20
**eftirfylgni innra mats** ..... 20
FJÁRHAGSLEG AFKOMA ..... 21
HÚSNÆÐI SKÓLANS ..... 23

## INNGANGUR

Í ársskýrslu þessari fyrir árið 2020 er farið yfir þau verkefni sem mennta- og menningarmálaráðuneytið og stjórnendur Menntaskólans á Ísafirði hafa gert samkomulag um og birtist í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára.

## HLUTVERK

Menntaskólinn á Ísafirði (hér eftir nefndur MÍ) starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi MÍ þjóna því.

Hlutverk MÍ er að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins og því er lögð rík áhersla á samstarf við stofnanir og fyrirtæki á heimaslóðum skólans. Boðið er upp á nám á verk- og starfsnámsbrautum, bóknám til stúdentsprófs og nám á starfsbraut fyrir fatlaða nemendur.

Í fámennu samfélagi sem býr við landfræðilega einangrun er mikilvægt að hlutverk skólans taki einnig mið af þörfum samfélagsins. MÍ er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum og það er skólanum því kappsmál að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám bæði á bóknáms- og starfsnámsbrautum. Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Í skólastarfinu skal búa nemendur undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálfa þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar. Í skólanámskrá og gæðahandbók mótar skólinn stefnu sína og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar.

## 50 ÁRA AFMÆLI MÍ

MÍ hóf starfsemi sína haustið 1970 og fagnaði þann 3. október 50 ára afmæli. Stofnun skólans má þakka ötulli baráttu heimamanna fyrir stofnun framhaldsskóla. Sú barátta verður ekki rakin frekar hér enda var henni og starfi skólans gerð ítarleg skil í Sögu Menntaskólans á Ísafirði til 2008 sem gefin var út í tilefni af 40 ára afmæli skólans þann 2010.

Í tilefni af 50 ára afmæli skólans voru fyrirhuguð mikil hátíðarhöld en í ljósi aðstæðna í samfélaginu urðu þau smærri í sniðum. Ákveðið var að gera afmælismyndband og var samið við þrjá fyrrverandi nemendur skólans, Ásgeir Helga Þrastarson, Hauk Sigurðsson og Snævar Sölvason um framleiðslu á því. Myndbandið var frumsýnt föstudaginn 2. október, sem er vel við hæfi því þann dag fyrir 50 árum mættu fyrstu nemendur skólans til að taka á móti stundatöflum.

Það er engan veginn hægt að gera hálfrar aldar sögu skóla skil í stuttu myndbandi. Myndbandinu var því ekki ætlað að gera það heldur að gefa góða innsýn í þann skólabrag sem einkennir Menntaskólann á Ísafirði. Það tókst kvikmyndagerðarmönnunum afar vel, þeir fylgdust með skólastarfinu og mynduðu það fjölbreytta starf sem fram fer í skólanum. Auk þess tóku þeir viðtöl

við starfsfólk og nemendur, gamla sem nýja og söfnuðu gömlu myndefni. Hægt er að skoða myndbandið hér https://www.youtube.com/watch?v=IMqWVlP8Md8&feature=youtu.be.

Innan skólans er lögð áhersla á fjölbreytt námsframboð, bæði í bók- og verknámi. Á síðustu árum hefur námsfyrirkomulagið breyst mikið frá því að vera kennsla á staðnum yfir í dreif- og fjarnám. Kennarar hafa í auknum mæli tileinkað sér ýmsa tækni til að sinna breyttu námsfyrirkomulagi og kom það sér vel þegar skólanum var lokað um miðjan mars 2020 vegna COVID-19 og allt bóknám færðist í fjarnám. Í rúman áratug hefur skólinn síðan lagt áherslu á að breyta kennsluháttum og námsmati með þeim hætti að nám nemenda skili betri árangri.

Skóli sem hefur starfað í hálfa öld er í stöðugri þróun. Þegar skólinn fagnaði 50 ára afmæli höfðu aldrei fleiri nemendur verið skráðir í nám við skólann en á afmælisárinu. Mikill eldmóður, hæfni og góður skólabragur er einkennandi innan skólans. Framtíð MÍ er björt.

## HEIMSFARALDUR COVID 19

Skólastarf ársins 2020 litaðist mjög af heimsfaraldri COVID 19. Vorönnin 2020 hófst með hefðbundnum hætti en í lok janúar fóru að berast fréttir af bráðsmitandi kórónaveiru sem gekk undir nafninu COVID 19.

Um mánaðarmótin febrúar/mars var farið að huga að persónulegum sóttvörnum allra sem komu að skólastarfinu og mælt fyrir um handþvott og sprittnotkun. Allir framhaldsskólar áttu að senda inn viðbrögð til mennta- og menningarmálaráðuneytis ef til skólalokunar kæmi sem átti að vera tilbúin 9. mars. 5. mars var neyðarstjórn sett á laggirnar innan skólans sem lauk vinnu við viðbragðsáætlunina. Neyðarstjórnin hittist reglulega og vann að ýmsum málum tengdum skólastarfinu út önnina.

Fimmtudaginn 12. mars voru sendar út upplýsingar til allra framhaldsskólanema frá almannavörnum en þá voru kórónuveirusmit á landinu orðin mörg. Ljóst var að allar ákvarðanir sem snéru að því að halda úti í kennslu í skólahúsnæði yrðu teknar af yfirvöldum, en ekki hverjum skóla fyrir sig. Föstudaginn 13. mars var boðað til blaðamannafundar þar sem ríkistjórn Íslands kynnti hertar aðgerðir á landinu öllu til að stemma stigu við COVID 19. Frá og með mánudeginum 16. mars átti engin kennsla að fara fram í skólahúsnæði framhaldsskóla og kenna átti á netinu í þeim áföngum sem það var hægt. MÍ brást við með að hafa starfsdag mánudaginn 16. mars til að kynna ýmsar leiðir fyrir kennara til að nota í kennslu á netinu, s.s. Teams. Frá þriðjudeginum 17. mars færðist allt bóknám á netið sem og kennsla í fagbóklegum verkgreinum. Kennsla í verkgreinum féll niður.

Í lok mars kom upp hópsmit meðal starfsmanna þegar fjórir starfsmenn smituðust. Á svipuðum tíma kom upp eitt nemendasmit. Á sama tíma voru mörg smit á norðanverðum Vestfjörðum sem leiddi til þess að samkomutakmarkanir á svæðinu gengu lengra en almennt á landinu. Kennsla fór fram á netinu til 4. maí. Kennslu í mörgum bóknámsáföngum lauk á netinu en verknámsnemendur

komu inn í skólann og luku sínum áföngum eftir því sem best gat orðið eftir svo langt hlé. Útskrift var frestað til 6. júní. Vorönn ársins 2020 reyndi á alla sem komu að skólastarfinu og starfsfólk og nemendur eiga heiður skilinn fyrir sitt framlag til að skólastarf gat gengið eins vel og það gerði þrátt fyrir miklar takmarkanir.

Við lok vorannar héldu líklega flestir að skólastarf á haustönn gæti orðið með eðlilegum hætti. Svo reyndist þó ekki vera. Skólastarfið í ágúst hófst með ýmsum takmörkunum hvað skólahúsnæðið varðaði. Kennsla gat farið fram í staðkennslu þó með ýmsum takmörkunum væri. Gekk svo fram eftir haustönninni en í lok október voru aðgerðir hertar. Kennsla í bóknámi færðist þá að mestu á netið en verknámskennsla og kennsla á starfsbraut fór fram í skólahúsnæðinu. Nýnemar fengu að mæta í skólann frá 23. nóvember, þó með miklum takmörkunum. Á þessum nótum lauk haustönninni. Útskrift fór fram 18. desember en einungis útskriftarefni og örfáir starfsmenn gátu verið viðstaddir athöfnina vegna samkomutakmarkana.

## NEMENDUR

Skólinn þjónar breiðum nemendahópi á þann hátt að sem flestir fá menntun við hæfi. Upptökusvæði dagskólanemenda skólans eru norðanverðir Vestfirðir en dreif- og fjarnámsnemar koma af öllu landinu. Kynning á skólanum fer fram með ýmsum hætti, s.s. á heimasíðu hans, samfélagsmiðlum, með kynningum fyrir grunnskólanemendur og heimsóknum grunnskólanemenda. Vegna Covid 19 var ekki hægt að halda opið hús eins og vanalega er gert á vorin.

### INNRITAÐIR NÝNEMAR

Á haustönn 2020 voru innritaðir nýnemar alls 49 og skiptust þeir þannig á brautir:

| Braut | Fjöldi |
|---|---|
| Félagsvísindabraut | 4 |
| Félagsvísindabraut – afrekíþróttasvið | 4 |
| Grunnnám málm- og véltæknigreina | 4 |
| Grunnnám rafiðna | 2 |
| Lista- og nýsköpunarbraut | 2 |
| Náttúruvísindabraut | 7 |
| Náttúruvísindabraut – afreksíþróttasvið | 6 |
| Opin stúdentsbraut | 7 |
| Opin stúdentsbraut - afreksíþróttasvið | 10 |
| Opin stúdentsbraut – sjúkraliðanám | 2 |
| Starfsbraut | 1 |
| **Alls** | **49** |

## ÞRENNS KONAR NÁMSFYRIRKOMULAG

Í MÍ er þrenns konar námsfyrirkomulag. Í fyrsta lagi dagskólanám, í öðru lagi dreifnám sem er starfs- og verknám skipulagt sem nám með vinnu og í þriðja lagi fjarnám. Dreif- og fjarnám hefur verið einn aðalvaxtabroddur skólans undanfarin ár

| | Vor 2019 | Haust 2019 | Vor 2020 | Haust 2020 |
|---|---|---|---|---|
| **Dagskóli** | 205 | 219 | 156 | **174** |
| **Dreifnám** | 78 | 76 | 73 | **71** |
| **Fjarnám** | 129 | 136 | 242 | **214** |
| **Alls** | **412** | **431** | **471** | **459** |




## SAMSETNING NEMENDAHÓPSINS

**KYN NEMENDA:** Skipting nemenda eftir kyni árið 2020 var þannig að kvenkyns nemendur voru í meirihluta:

| | Vor 2020 | Haust 2020 |
|---|---|---|
| KK | 193 | 203 |
| KVK | 275 | 256 |




**ALDUR NEMENDA:** Aldursdreifing nemenda MÍ er nokkur mikil. Yngstu nemendurnir árið 2020 voru 15 ára en elstu 65 ára. Flestir nemendur eru á aldrinum 16-20 ára:

| Aldur | Vor 2019 | Haust 2019 |
|---|---|---|
| **14-15 ára** | 13 | 3 |
| **16-20 ára** | 213 | 210 |
| **21-25 ára** | 77 | 99 |
| **26-30 ára** | 50 | 56 |
| **31-35 ára** | 30 | 27 |
| **36-40 ára** | 24 | 26 |
| **41-45 ára** | 17 | 19 |
| **46-50 ára** | 18 | 8 |
| **51-55 ára** | 9 | 17 |
| **56-60 ára** | 5 | 3 |
| **61-65 ára** | 3 | 3 |



**BÚSETA NEMENDA:** Nemendur MÍ koma úr öllum landshlutum en langflestir búa á Vestfjörðum:

| | Vor 2020 | Haust 2020 |
|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 85 | 82 |
| Suðurnes | 46 | 33 |
| Vesturland | 11 | 10 |
| Vestfirðir | 243 | 266 |
| Norðurland vestra | 16 | 15 |
| Norðurland eystra | 25 | 18 |
| Austurland | 25 | 17 |
| Suðurland | 14 | 12 |




Skólinn hefur á undanförnum árum snúið vörn í sókn hvað varðar fjölda nemenda. Fjarnemum og dreifnámsnemum hefur fjölgað mikið síðustu árin og gert er ráð fyrir enn frekari aukningu á næsta skólaári.

Kennslumagn hefur ekki aukist í hlutfalli við nemendafjölgun sem skýrist fyrst og fremst af mun betri hópanýtingu í bóknámi.



## NEMENDAÞJÓNUSTA

Nemendaþjónusta MÍ samanstendur af þjónustu náms- og starfsráðgjafa og áfangastjóra. Áhersla er lögð á öfluga náms- og starfsráðgjöf og fræðslu og gott utanumhald um nemendur bæði er varðar námslega framvindu, líðan og mætingar. Bæði náms- og starfsráðgjafi og áfangastjóri bjóða uppá opna viðtalstíma sem nemendur geta bókað sjálfir ýmist í gegnum rafrænt bókunarkerfi á heimasíðu skólans eða hjá skólafulltrúa, en einnig er um að ræða fasta viðtalstíma. Á þessu skólaári hafi viðtölin ýmist farið fram í skólanum eða í gegnum Teams en auk þess má nefna þann fjölda fyrirspurna sem berast í tölvupósti og er svarað með þeim hætti. Á haustönn tók náms- og starfsráðgjafi viðtöl við alla nýnema þar sem farið var yfir skólabyrjun, líðan og þær áskoranir sem fylgja því að hefja nám í framhaldsskóla. Áfangastjóri tók síðan viðtöl við öll útskriftarefni þar sem áhersla var lögð á námsferla og það sem leggja þurfti áherslu á til að útskrifast. Mikil og góð samvinna er á milli þeirra aðila sem koma að nemendaþjónusta skólans og margar spennandi hugmyndir í gangi sem eiga vonandi eftir að verða að veruleika í framtíðinni. Hér má nefna öflugri nemendaþjónustu við fjar- og dreifnámsnema, innleiðingu Kara Connect, upplýsingamál og fleira.

MÍ er í góðu samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og vísar þeim nemendum sem þess þurfa á þjónustu Geðheilbrigðisteymis Heilbrigðisstofnunarinnar. Einnig hefur verið gott samstarf við einhverfuráðgjafa á svæðinu, barnavernd sem og aðra sérfræðinga sem koma að málefnum nemenda.

## BROTTFALL

Hér sjást brottfallstölur síðustu fjögurra ára:

| | Vor 2017 | Haust 2017 | Vor 2018 | Haust 2018 | Vor 2019 | Haust 2019 | Vor 2020 | Haust 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| % | 5,2 | 3,1 | 8,7 | 7,3 | 10,9 | 8,3 | 9,9 | 7,8 |

Á myndinni hér fyrir neðan sést þróun brottfalls eftir önnum, frá vorönn 2017 til haustannar 2020.



## FORVARNIR

Í forvarnastefnu MÍ kemur fram að stefna skólans sé að stuðla að jákvæðri lífssýn og heilbrigðum lífsháttum nemenda. Áhersla er lögð á að efla andlega og líkamlega heilsu og vellíðan, styrkja sjálfstraust og efla félagsþroska og sjálfsvirðingu nemenda. Einnig er lögð áhersla á að styðja nemendur í því að setja sér skýr markmið í lífinu og vinna markvisst að þeim, auk þess að stuðla að öflugu fræðslustarf undir stjórn forvarnarfulltrúa skólans. Forvarnafræðsla var með aðeins öðrum hætti þetta skólaárið en undanfarin ár, fyrst og fremst vegna áhrifa COVID 19. Forvarnafyrirlestrar á vegum Ástráðs, Hugrúnar og Píeta-samtakanna voru allir með rafrænum hætti en Forvarnardagurinn var haldinn með hefðbundnu sniði með þátttöku nýnema auk þess sem lögreglan heimsótti nýnema á haustdögum þar sem áhersla var lögð á umferðamál. Megin áhersla á forvarnafræðsla er í áföngunum NÁSS1NN03 og NÁSS2LÚ03 sem eru m.a. í umsjón náms- og starfsráðgjafa og íþróttakennara skólans.

Náms- og starfsráðgjafi er fulltrúi skólans í VÁ-Vest hópnum sem er samstarfshópur um forvarnir á Vestfjörðum. Hópurinn hefur haldið nokkra fundi á skólaárinu, alla með rafrænum hætti og m.a. staðið fyrir Marita fræðslu í öllum grunnskólum á norðanverðum Vestfjörðum, einnig með rafrænum hætti.

Hluti af forvarnastarfi skólans er að tryggja að móttaka nemenda sé í samræmi við móttökuáætlanir og að sérstaklega sé hugað að þeim nemendur sem eru með sérþarfir, hefja nám á starfsbraut eða eru með annað móðurmál en íslensku. Úrræði fyrir nemendur sem eru í hættu á brottfalli og brotthvarfi eru einnig hluti af forvarnastefnu skólans og felst m.a. í eftirfylgni með mætingum, lotumati og lokamati í samræmi við verklag í gæðahandbók VER-0058 og VER0059.

# NÁM

Fyrstu innrituðu nemendurnir samkvæmt nýrri námskrá voru innritaðir haustið 2015. Árið 2019 var fyrsta árið sem allar námsbrautir við skólann voru kenndar samkvæmt. nýrri námskrá byggðri á aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011.

## BRAUTIR Í BOÐI

Á árinu 2020 voru eftirfarandi námsbrautir kenndar við MÍ:

| BÓKNÁM | STARFS- OG VERKNÁM |
|---|---|
| • Félagsvísindabraut | • Grunnnám háriðngreina |
| • Náttúruvísindabraut | • Grunnnám málm- og véltæknigreina |
| • Opin stúdentsbraut | • Grunnnám rafiðngreina |
| • Opin stúdentsbraut – fjarnám | • Húsasmíði |
| • Stúdentspróf af fagbraut | • Lista- og nýsköpunarbraut |
| • Afreksíþróttasvið | • Sjúkraliðabraut |
| • Starfsbraut | • Sjúkraliðabrú |
| | • Skipstjórnarnám B |
| | • Stálsmíði |
| | • Vélstjórn A |




## HLUTFALL BÓK-, STARFS- OG VERKNÁMS

MÍ leggur áherslu á fjölbreytt námsframboð, bæði í bóknámi og starfs- og verknámi. Skiptingin milli bóknáms annars vegar og starfs- og verknáms hins vegar var eftirfarandi árið 2020:

| | Vorið 2019 | % | Haustið 2019 | % | Vorið 2020 | % | Haustið 2020 | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bóknám** | 259 | 62,90% | 264 | 61,30% | 292 | 62% | **284** | 61,3% |
| **Starfs- og verknám** | 153 | 37,10% | 167 | 38;7% | 179 | 38% | **179** | 38,7% |

Útskriftarmynd vorið 2020

Útskriftarmyndir desember 2020

## FÉLAGSLÍF NEMENDA

Félagslíf nemenda er jafnan stór þáttur í skólastarfinu og nemendafélagsstjórnir ársins 2020 unnu vel með skólastjórnendum og öðrum sem komu að félagslífi nemenda. Vegna COVID 19 samkomutakmarkana frá 13. mars og út árið 2020 var félagslífið þó með talsvert öðrum hætti og minna í sniðum.

Fyrstu rúma tvo mánuði ársins var félagslíf nemenda með nokkuð eðlilegum hætti. Slæmt veður kom þó í veg fyrir árshátíðarhöld. Gettu betur lið skólans komst í 8 liða úrslit í sjónvarpi, í annað skipti í sögu skólans. Slæmt veður setti svip sinn á keppnina en stuðningsmenn liðsins sátu fastir heima. Þá voru góð ráð dýr og voru boð út send til fyrrum nemenda og annarra velunnara skólans um að fylla stuðningsmannasætin í sjónvarpssal. Með stuttum fyrirvara tókst að fylla sætin og

mögulega gæti hár meðalaldur stuðnings-mannaliðsins hafa vakið athygli einhverra sjónvarpsáhorfenda.

Sólrisan fór fram með hefðbundnu sniði. Hápunktur Sólrisunnar var sýning leikfélagsins á söngleiknum *Mamma mia* í leikstjórn Skúla Gautasonar. Söngleikurinn var samstarfsverkefni MÍ, Tónlistarskóla Ísafjarðar og Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar. Var söngleikurinn sýndur margoft fyrir fullu húsi og hlutu nemendur mikið lof fyrir uppsetninguna.

Á haustönn settu miklar samkomutakmarkanir vegna COVID 19 mikið strik í reikninginn. Stjórn nemendafélagsins skipulagði marga viðburði sem fáir gátu því miður orðið að veruleika vegna samkomutakmarkana. Fullveldisfagnaður var þó haldinn með glæsibrag í desember þar sem nemendur og starfsfólk fengu sendan veislumat heim og hittust síðan á Zoom þar sem boðið var upp á skemmtiatriði.

# MANNAUÐUR

Fjöldi starfsfólks Menntaskólans á Ísafirði var að meðaltali 47. Þar af voru 36 sem sinntu kennslu. Tuttugu og þrír voru í fullu kennslustarfi, aðrir í minna starfshlutfalli eða 6-87%. Konur voru 22 og karlar 25. Af þeim sem sinna kennslu voru 15 konur en 21 karl. Yfirstjórn skólans samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og fjármálastjóra. Kynjaskipting yfirstjórnar var þannig að aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri eru konur en skólameistari er karl.

**Starfsfólk í Menntaskólanum á Ísafirði vor 2020:**

**Aftasta röð frá vinstri:** Hermann Þorsteinsson, Kristján Sigurðsson, Einar Hreinsson, Þröstur Jóhannesson, Helga Guðrún Gunnarsdóttir. **Næstaftasta röð frá vinstri:** Magnús Einar Magnússon, Alexíus Jónasson, Andri Pétur Þrastarson, Jónas Þór Birgisson. **Þriðja röð ofanfrá. frá vinstri:** Jóhannes Kristjánsson, Ragnheiður Fossdal, Ragnar Kristjánsson, Jón Guðni Guðmundsson. **Fjórða röð ofanfrá, frá vinstri:** Auður Björnsdóttir, Stella Hjaltadóttir, Sólrún Geirsdóttir, Emil Ingi Emilsson, Steiney Ninna Halldórsdóttir, Dóróteha Margrét Einarsdóttir, Þuríður Signý Friðriksdóttir. **Fimmta röð ofanfrá, frá vinstri:** Elín Sveinsdóttir, Heiðrún Tryggvadóttir, Friðgerður Guðný Ómarsdóttir, Elín Ólafsdóttir, Fjölnir Ásbjörnsson, Björg Sveinbjörnsdóttir. **Önnur röð frá vinstri:** Nadja Sophia Teresa Widell, Júlía Bjarney Björnsdóttir, Guðjón Torfi Sigurðsson. **Fremsta röð frá vinstri:** Anna Jóna Kristjánsdóttir, Jón Reynir Sigurvinsson, Andrea Harðardóttir.

| | 20181 | 20182 | 20191 | 20192 | 20201 | 20202 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skólameistari** | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| **Aðst.skólam.** | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| **Áfangastjóri** | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| **Fjármálastjóri** | 0,75 | 0,75 | 0,75 | 0,75 | 0,75 | 0,75 |
| **Náms- og starfsráðgjöf** | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| **Kennsla stöðugildi** | 21,7 | 22,8 | 20,5 | 21,0 | 21,0 | 23,0 |
| **Sviðstjórn** | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,3 | 0,3 | 0,3 |
| **Tæknistjóri** | 0,10 | 0,10 | 0,10 | 0,10 | 0,10 | 0,10 |
| **Gæðastjóri** | 0,25 | 0,25 | 0,25 | 0,50 | 0,50 | 0,50 |
| **Félagsmálastjóri** | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 |
| **Forvarnarfulltrúi** | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 |
| **Bókavörður** | 0,50 | 0,40 | 0,40 | 0,50 | 0,50 | 0,50 |
| **Skjalavörður** | | 0,25 | 0,25 | 0,10 | 0,10 | 0,10 |
| **Skólafulltrúi** | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| **Húsvörður** | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| **Vistarvörður** | 0,60 | 0,60 | 0,50 | 0,50 | 0,50 | 0,50 |
| **Mötuneyti og ræsting** | 2,15 | 2,15 | 2,15 | 2,15 | 2,15 | 2,15 |
| **Stuðningsfulltrúi** | | 0,50 | 0,70 | 0,75 | 1,09 | 1,13 |
| **KÍ-stöðugildi** | 26,5 | 27,4 | 25,2 | 26,2 | 26,3 | 28,3 |
| **Samt. Stöðugildi/önn** | **32** | **34** | **31,8** | **32,1** | **31,9** | **35,5** |
| **Stöðugildi. Meðaltal ársins** | **33,1** | | **31,9** | | **33,7** | |

Stöðugildi á vorönn (1) og haustönn (2) 2018-2020

Skólinn hefur þurft að ráða starfsmenn til að sinna nýjum lögboðnum verkefnum á undanförnum önnum. Gæðastjóri hefur starfað frá 2015 fyrst í 25% starfshlutfalli en er nú í 50% starfshlutfalli. Gæðaráð, skipað þremur kennurum ásamt einum stjórnanda, fær samtals 4 launaþrep sem gera um 10% stöðugildi meðallauna. Focal-gæðakerfin ásamt ritnotendum kosta 410.000 kr/ári. Skjalavörður hefur starfað við skólann í 25% starfi fá upphafi haustannar 2019.

## SAMSTARF

MÍ á í ýmiss konar samstarfi bæði innan lands og utan og nýtur mikils velvilja í nærsamfélagi sínu. Hér verður gerð grein fyrir helstu samstarfsverkefnum skólans.

**SAMSTARF VIÐ FORELDRA OG FORRÁÐAMENN:** Samstarf við foreldra og forráðamenn fer fram með ýmsu móti. Í fyrstu kennsluviku haustannar fer fram fundur með foreldrum nýnema. Við skólann er starfandi foreldraráð sem m.a. stendur fyrir foreldravakt á öllum dansleikjum nemendafélagsins.

**SAMSTARF VIÐ AÐRA FRAMHALDSSKÓLA:** MÍ á í góðu samstarfi við aðra framhaldsskóla á landinu. Sem starfs- og verknámsskóli er skólinn í góðu samstarfi við aðra slíka skóla um allt land með reglulegum samráðsfundum. Skólinn á einnig samstarf við 11 aðra framhaldsskóla á landsbyggðinni um fjarnám og gengur samstarfið undir nafninu Fjarmenntaskólinn. Innan Fjarmenntaskólans er sérstakt samstarf milli MÍ, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV) og

Verkmenntaskóla Austurlands (VA) um sjúkraliðanám. Stunda nú á annað hundrað nemendur sjúkraliðanám innan þess samstarfs.

Skólarnir sem standa að baki Fjarmenntaskólanum, mynd af heimasíðunni www.fjarmenntaskolinn.is

**SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLA:** MÍ á í samstarfi við grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum. Fer það samstarf fram m.a. með því að skiplagðar eru reglulegar heimsóknir náms- og starfsráðgjafa í skólana, einkum til nemenda í 10. bekk. Einnig felst samstarfið í fundum skólastjórnenda og kennarahittingum beggja skólastiga þegar því er við komið.

**SAMSTARF VIÐ SVEITARFÉLÖG Í NÆRSAMFÉLAGINU:** Tvenns konar samstarf er við sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum. Í fyrsta lagi um rekstur nýsköpunarsmiðjunnar Fab lab (e. fabrication labratory) og í öðru lagi um rekstur afreksíþróttasviðs. Fab lab smiðjan er staðsett á fyrstu hæð heimavistarinnar. Allir sem áhuga hafa geta komið og unnið að verkefnum í Fab lab auk þess sem kenndir eru sérstakir nýsköpunaráfangar innan skólans. Auk sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum hefur ríkisvaldið komið að samstarfinu í gegnum Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Afreksíþróttasvið skólans var endurvakið árið 2018. Að því koma auk skólans og sveitarfélaganna á svæðinu íþróttafélögin Hörður, Vestri og Skíðafélag Ísfirðinga sem og Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar. Sjö íþróttagreinar eru í boði á afreksíþróttasviði; blak, dans, handbolti, knattspyrna, körfuknattleikur, skíðaganga, og sund.

**SAMSTARF UM KENNSLU Í STÁLSMÍÐI:** MÍ og stálsmíðafyrirtækið Skaginn 3X hafa átt gott samstarf um nokkuð langa hríð um kennslu í stálsmíði. Felst það samstarf í að starfsmenn fyrirtækisins hafa komið að kennslu á stálsmíðabrautinni auk þess sem nemendur hafa í sumum áföngum fengið kennslu í húsakynnum fyrirtækisins.

**ERLENT SAMSTARF:** Skólinn á í erlendum samskiptum við tvo skóla, annars vegar í Danmörku og hins vegar í Frakklandi. Samskipti við danska verknámsskólann EUC Lillebælt í Fredericia hafa staðið óslitin frá því árið 2011. Samskiptin hafa falist í nemendaskiptum og kennaraheimsóknum í málmsmíðagreinum. Árið 2020 féllu því miður öll nemendaskipti niður vegna heimsfaraldurs COVID 19 en stefnt er að því að nemendur frá MÍ fari til EUC Lillebælt haustið 2021. MÍ hefur frá árinu 2004 eða hátt í tvo áratugi átt í samstarfi við framhaldsskólann St. Marie du Port í Les Sables d'Olonne á vesturströnd Frakklands. Nemendaskipti fara fram annað hvert ár og var árið 2019 undirbúningsár fyrir nemendasamskipti árið 2020. Af samskiptunum varð því miður ekki, vegna heimsfaraldursins. Nemendasamskiptin fara þannig fram að fyrst koma franskir nemendur til dvalar hjá nemendum í MÍ og síðan fara MÍ-ingar til dvalar hjá frönskum nemendum auk þess að heimsækja höfuðborgina París. Stefnt er að því að halda þessum samskiptum áfram þegar færi gefst og er vilji til þess hjá samstarfsskólanum í Frakklandi.

**SAMSTARF VIÐ BÓKASÖFNIN Á SVÆÐINU:** Gott samstarf er á milli bókasafna á svæðinu; grunnskólasafnsins, menntaskólasafnsins, háskólasafnsins og bæjarbókasafnsins. Til dæmis hafa

verið haldnir sameiginlegir viðburðir á söfnunum. Fóru starfsmenn safnanna saman á bókasafnsráðstefnuna Next Library í Árósum í Danmörku í júní 2019 sem var liður í undirbúningi fyrir Landsfund Upplýsingar sem halda átti á Ísafirði í september 2020. Landsfundurinn féll því miður niður vegna COVID 19.

Öllum samstarfsaðilum skólans, sem eru fleiri en hér eru upptaldir, eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf á árinu 2020.

# MARKMIÐ OG STEFNA

MÍ setur markmið til þriggja ára í stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila. Hér verður fjallað um hvert markmið í áætluninni, hvernig hefur verið unnið að því og hvernig árangur er metinn.

## MARKMIÐ A1: MINNKAÐ BROTTHVARF NEMENDA VIÐ SKÓLANN

Markmið er að minnka brotthvarf úr námi við skólann og er þá horft til þriggja mælikvarða. Í fyrsta lagi að hækka hlutfall nýnema sem ljúka námi innan fjögurra ára af bók- og starfsnámsbrautum. Hlutfallið var 63% árið 2019 og er stefnt að því að það verði 75% árið 2023. Í öðru lagi að brotthvarf úr skólanum fari ekki yfir 5% á ári. Brotthvarfið árið 2019 var 9,2% og er stefnt að því að það verði undir 5% árið 2023. Í þriðja lagi að brottfall úr áföngum fari ekki yfir 8% að meðaltali. Árið 2019 var brottfallið 9,1% og er stefnt að því að það verði 5% árið 2023.

Markmiðið tengist markmiði málaflokks en inntak markmiðs sbr. gildandi fjármála áætlun er: *Brotthvarf úr framhaldsskóla minnki* og *Námsframvinda*

Markmiðið tengist einnig Heimsmarkmiði 4.4.

Unnið verður að þessu markmiði eftir þrenns konar leiðum:

1. Þjálfa kennara í kennsluháttum sem byggja upp námsgetu nemenda og eflir virkni þeirra og þrautseigju í námi. Ætlunin er að fylgja hugmyndum Guy Claxton sem miða að því að hjálpa nemendum að verða betri námsmenn bæði innan skólans og utan hans. Nemendur fá þá tækifæri til að þróa námsvenjur sínar og með þessum aðferðum er ungt fólk undirbúið undir nám allt lífið. Nánar má lesa um þessa kennsluhætti á www.buildinglearningpower.com
2. Móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku virkjuð og stuðningur við þá aukinn. Nemendur fá sérstaka tíma í stundatöflu þar sem þeir fá stuðning í formi aðstoðar við verkefnavinnu og við heimanám.
3. Virkt eftirlit með námsgengi nemenda og fjarvistum frá kennslustundum. Staða verður tekin reglulega á hverri önn og brugðist við samkvæmt verklagsreglum. Fjöldi áfanga sem nemendur fá að skrá sig í á næstu önn fer eftir námsgengi á yfirstandandi önn. Drög að nýju verklagið varðandi þetta var tekið upp á vorönn 2020. Á haustönn var unnið samkvæmt nýju verklagi eins og aðstæður hafa leyft, en vegna Covid voru þær vissulega breyttar og ekki hægt að fylgja því eins markvisst eftir og áætlað var. Á sama tíma var unnið að því í gæðaráði skólans að skrifa nýtt verklag um eftirlitið inn í gæðahandbók skólans og undirbúa útgáfu á því.

## MARKMIÐ 2: FJÖLGA ÚTSKRIFUÐUM ÚR STARFS- OG TÆKNINÁMI

Markmiðið er að fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi. Mælikvarðar eru í fyrsta lagi að hlutfall nemenda á starfs-, verk- og listnámsbrautum hækki. Staðan árið 2019 var 32% og er stefnt að því að það verði 36% árið 2023. Í öðru lagi er mælikvarðinn hlutfall brautskráðra nemenda í starfs- og tækninámi samanborið við nemendur í bóknámi. Árið 2019 var staðan sú að 29% voru brautskráðir úr starfs- og tækninámi en 71% úr bóknámi (stúdentspróf). Stefnt er að því að árið 2023 verði hlutfallið orðið 36% úr starfs- og tækni námi og 64% úr bóknámi. Í þriðja lagi er mælikvarðinn hlutfall nýnema sem ljúka námi innan fjögurra ára af námsbrautum í starfs- og tækninámi. Staðan árið 2019 var sú að 62,5% nýnema luku námi innan fjögurra ára. Stefnt er að því að árið 2023 verði þetta hlutfall komið í 66%.

Markmiðið tengist markmiði málaflokks en inntak markmiðs sbr. gildandi fjármála áætlun er: *Fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi.*

Markmiðið tengist einnig Heimsmarkmiði 4.4.

Unnið er að þessum markmiði með eftirfarandi hætti:

1. Kynna námsframboð MÍ sérstaklega í verk- og starfsnámi og á lista- og nýsköpunarbraut fyrir grunnskólanemum á Vestfjörðum. Kynna sérstaklega framboð skólans í fjar- og dreifnámi fyrir markhópum á svæðum sem liggja utan við norðanverða Vestfirði. Sérstök áhersla verður lögð á markhópa á sunnanverðum Vestfjörðum sem eru nú í þokkalegu heilsársvegasambandi við norðursvæðið, með tilkomu Dýrafjarðarganga.
2. Bæta aðstöðu til náms- og kennslu á verk- og starfsnámsbrautum. Stefnt er að bygging nýs verknámshúss við skólann hefjist árið 2021. Þarfagreining þar að lútandi hefur verið send til mennta- og menningarmálaráðuneytis og málið er þar í vinnslu.

## MARKMIÐ A3: AÐ AUKA GÆÐI MENNTUNAR VIÐ SKÓLANN

Markmiðið er að auka gæði menntunar við skólann. Tveir mælikvarðar eru settir í þessu markmiði. Í fyrsta lagi er það fjöldi rafrænna ferilbóka en staðan árið 2019 er engin rafræn ferilbók. Stefnt er að því að árið 2023 verði þær orðnar 3. Í öðru lagi er mælikvarðinn hlutfall réttindakennara við skólann. Árið 2019 var staðan þannig að þeir voru 69% þeirra sem sinntu kennslu en stefnt er að því að hlutfall réttindakennara verði orðið 85% árið 2023.

Markmiðið tengist markmiði málaflokks en inntak markmiðs sbr. gildandi fjármála áætlun er: *Tryggja gæði náms og kennslu.*

Markmiðið tengist einnig Heimsmarkmiði 4.4.

Unnið er að þessum markmiðum með eftirfarandi leiðum:

1. Vinna í því að taka upp rafrænar ferilbækur í verk- og starfsnámi.
2. Hvetja leiðbeinendur sem starfa við kennslu til að hefja réttinda nám eða halda því áfram. Veita þeim sem stunda réttindanám svigrúm til námsins með sveigjanleika í stundatöflu.

## MARKMIÐ B1. DRAGA ÚR UMHVERFISÁHRIFUM

Markmiðið er að draga úr umhverfisáhrifum í starfsemi skólans og skólinn hefur skráð sig til þátttöku í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri. Horft er til tveggja mælikvarða. Í fyrsta lagi er það framþróun í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri. Árið 2019 var skólinn ekki orðin þátttakandi í verkefninu en viðmið árið 2023 er að skólinn hafi lokið öllum 5 skrefum verkefnisins. Í öðru lagi verður fylgst með notkun og förgun á pappír en staðan árið 2019 var að skólinn notaði um 100.000 blaðsíður af pappír á ári. Stefnt er að því að sú tala verði komin niður í 60.000 blaðsíður árið 2023. Einnig verði marvisst stefnt að fjölgun fjarfunda í tengslum við stjórnsýslu.

Unnið er að þessum markmiði með eftirfarandi leiðum:

1. Skólinn gerist þátttakandi í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri og tekur framþróun þar.
2. Unnið verður að því að minnka notkun og förgun pappírs og auka notkun fjarfunda.

## MARKMIÐ B2. INNLEIÐING GÆÐAKERFIS VEGNA GÆÐAVOTTAÐS VERKNÁMS

Markmiðið er að innleiða gæðakerfi vegna gæðavottaðs verknáms. Auk þess er lögð áhersla á að gæðakerfi skólans þjóni sem best starfsemi hans á hverjum tíma. Mælikvarðinn á þetta markmið er hlýting staðla í gæðahandbók. Árið 2019 var hlýting staðalsins ISO 9001:2015 orðin 63%. Stefnt er að því að allt skólastarf verði vottað samkvæmt ISO 9001:2015 í desember 2021.

Unnið er að þessum markmiði með eftirfarandi leiðum:

1. Gæðastjóri verður áfram í 50% starfi þar til nám við skólann hefur fengið ISO 9001:2015 vottun. Í desember 2020 fór fram forúttekt á gæðakerfi skólans. Brugðist var við frávikum sem voru tilgreind í skýrslu og gerð áætlun um viðbrögð við þeim. Stefnt er á vottunarúttekt á vorönn 2021.
2. Skjalastjóri er nú í 20% starfi, en auk þess að innleiða rafræna skjalastjórn við skólann tekur skjalastjóri einnig þátt í vinnu að undirbúningi gæðavottunar m.a. með gerð skjalavistunaráætlunar.

## MARKMIÐ B3. AUKIN STARFSÞRÓUN OG STARFSÁNÆGJA.

Markmiðið er að auka starfsþróun og starfsánægju starfsfólks í skólanum. Tveir mælikvarðar eru notaðir til að leggja mat á þetta markmið. Sá fyrri er að halda að lágmarki eitt endurmenntunar- og starfsþróunarnámskeiða á önn. Staðan hvað þetta varðar árið 2019 var að eitt námskeið var haldið hvora önn. Stefnt er að því árið 2023 að haldin verði 2 námskeið á önn. Síðari mælikvarðinn er að skólinn verði ofan við miðju í flokki meðalstórra stofnana í niðurstöðum könnunarinnar *Stofnun ársins* sem metur starfsanda og starfsumhverfi stofnana. Árið 2019 var skólinn í 19. sæti af 44 í könnuninni af stofnunum sem teljast meðalstórar. Stefnt er að því að árið 2023 verði skólinn í efsta fjórðungi stofnana af þessari stærð.

Unnið er að þessu markmiði með eftirfarandi leiðum:

1. Endurmenntunarnámskeið verði haldin að lágmarki eitt á hverri önn fyrir allt starfsfólk skólans.
2. Markviss starfsþróunarsamtöl (snerpu samtöl) stjórnenda við starfsfólk haldin tvisvar á önn.

# FRAMVINDA OG ÁVINNINGUR AF ÁHERSLUVERKEFNUM

Ýmiss konar áhersluverkefni eru í gangi í MÍ og verður hér gerð grein fyrir þeim helstu:

## INNLEIÐING GÆÐASTJÓRNUNAR

Unnið hefur verið að innleiðingu gæðastjórnunar MÍ frá hausti 2016. Á vorönn 2020 var unnið að gerð viðbragðsáætlunar, verklagI um viðbrögð við óveðri, verklagi um kennslu áfanga, verklagi um starfsmannasamtöl, starfsauglýsingar og ráðningar, verklagi um kennsluskiptingu, verklagi um móttöku nýs starfsfólks, stefnu um kennsluhætti og námsmat og stefnu um fjarnám. Gæðaráð kom einnig að innleiðingu og þjálfun vegna Office 365. Á haustönn 2020 var unnið að gerð verklags um verkefnastjórn, ráð og nefndir, verklagi um eftirfylgni mætinga og lotumats, innri upplýsingastefnu, forvarnarstefnu og að viðmiðum um notkun tölvupósts. Gerðar voru móttökuáætlanir fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, nýnema, nýnema með sérþarfir og nýnema á starfsbraut. Jafnlaunakerfi var viðhaldið og launagreining gerð bæði á vor- og haustönn. Innri úttekt á jafnlaunakerfi fór fram á haustönn 2020. Rýni stjórnenda fór fram við lok vorannar 2020. Forúttekt vegna vottunar á gæðakerfi samkvæmt ISO 9001 fór fram í desember 2020. Stefnt er að vottunarúttekt á vorönn 2021.

## SKJALAVARSLA

Unnið hefur verið að undirbúningi og innleiðingu rafræna skjalavistunarkerfisins GoPro frá haustönn 2018. Samhliða því hefur verið unnið að flokkun pappírsskjala og skjalavistun í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Málalykill var unninn í samræmi við reglur Þjóðskjalasafns Íslands um málalykla afhendingarskyldra aðila nr. 572/2015 og var hann samþykktur af Þjóðskjalasafni í október 2018 með gildistíma í fimm ár. Vorönn 2019 fór í undirbúningsvinnu vegna innleiðingar GoPro og að fá yfirsýn yfir umfang pappírsskjala og flokkun. Á haustönn 2019 var unnið að flokkun og endurbótum á skjalavistun starfsmannamála samkvæmt málalykli samhliða vinnu á innleiðingu jafnlaunastaðals. MÍ fékk aðgang að rafræna skjalavistunarkerfinu GoPro í byrjun árs 2019 og hóf skjalavörður þá að kynna sér kerfið, skrá aðila og mál. Vegna aðstæðna varð ekki almenn notkun á kerfinu árið 2020 eins og að var stefnt. Markmiðið með rafrænni skjalavörslu er að skjöl sem varða starfsemi skólans séu geymd á öruggan hátt, auðvelt sé að finna þau og rekja megi sögu þeirra.

Ýmis rafræn skjalavörslukerfi eru í notkun og vista gögn skólans. Allir starfsmenn fá úthlutað vinnunetfangi og nota það gegnum Office 365. Tölvu- og netþjónustukerfi Snerpu þjónustar skólann með tölvuþjónustu í skýi, s.s. tölvupóst og gagnavistun. MÍ er í samstarfi við Advania sem hýsir námskerfið Innu í vottuðu umhverfi. MÍ nýtir mannauðskerfið Orra til utanumhalds um launavinnslu. Gæðakerfi MÍ er stýrt í gegnum CCQ gæðakerfi sem rekið er af Origo. Rafræna skjalavistunarkerfið GoPro varðveitir skjöl sem varða starfsemi skólans, en það er rekið af Hugviti. Landskerfi bókasafna á og rekur bókasafnskerfið Gegni sem er notað á bókasafni skólans.

## PERSÓNUVERND

Persónuverndarfulltrúi skólans var tilnefndur haustið 2019 samkvæmt nýjum lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, lög nr. 90/2018. Persónuverndarfulltrúi hóf að vinna að gerð persónuverndarstefnu, vinnsluskrár og vinnslusamninga við vinnsluaðila skólans haustið 2019. Vinnu við persónuverndarstefnu skólans lauk á vorönn 2020 og var stefnan gefin út í gæðahandbók í mars 2020. Vinnsluaðilar persónupplýsinga eru aðilar sem vinna með persónuupplýsingar á vegum skólans. Persónuupplýsingar sem MÍ vinnur með eru varðveittar í nokkrum tölvukerfum og pappírsskjalasafni, sem nefndir eru í kafla um skjalavörslu.

## EFTIRFYLGNI INNRA MATS

Stefna um innra mat er unnin í samstarfi við gæðaráð skólans og eru verkefni og verklag nefndar um innra mat skilgreind í gæðahandbók MÍ.

Matsteymi um innra mat starfar eftir verkáætlun sem skipulögð er fjögur ár fram í tímann. Á vorönn 2020 stóð teymið fyrir kennslukönnun og einnig greindi teymið niðurstöður úr könnuninni *Stofnun ársins*. Teymið skoðaði líka brottfall og námsmat nemenda skólaárið 2019-2020. Á haustönn 2020 stóð teymið fyrir nýnemakönnun og kennslukönnun auk þess sem námsmat og brotthvarf nemenda var kannað. Niðurstöður kennslukönnunar á vorönn 2020 voru sendar kennurum til skoðunar og úrvinnslu en á haustönn 2020 var kennslukönnunin lögð fyrir í INNU og kennarar höfðu beinan aðgang að niðurstöðunum. Óskað var eftir að kennarar færu í gegnum niðurstöður og gerðu úrbætur í samræmi við niðurstöður. Einnig fá skólastjórnendur niðurstöðurnar í hendur.

Niðurstöður kannana og greininga á vegum innra mats voru kynntar stjórnendum og gæðaráði á rýni stjórnenda í lok vorannar 2020. Þar ákváðu stjórnendur hvaða þættir innra mats færu inn í aðgerðaráætlun skólans.

# FJÁRHAGSLEG AFKOMA

Fjárhagsstaða skólans hefur verið afar slæm um nokkurt skeið. Skólinn var rekinn með 32 milljón krónu halla árið 2020 og bætist það við uppsafnaðan 26 milljón krónu halla fyrri ára. Skólinn hefur ekki fengið fjárveitingar í nokkur ár miðað við raunverulegan fjölda nemenda en þar munar tugum milljóna. Þetta skýrist þegar helstu lykiltölur í rekstri skólans eru bornar saman við fyrri ár:

| Rekstraryfirlit 2017-2020. Rauntölur í milljónum króna | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ár | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
| Framlag úr ríkissjóði | 382 | 418 | 503,3 | 557,0 |
| Húsaleiga | 53,1 | 58,35 | 150,2 | 152,0 |
| Framlag - húsaleiga | 328,9 | 359,7 | 353 | 405 |
| Breyting framlags án húsaleigu | 8% | 9% | -2% | 13% |
| Verkkaup (ræsting -snjómokstur) | 9,1 | 9,692 | 9,1 | 10,5 |
| Orkukostnaður | 9,3 | 10,89 | 9,834 | 11,5 |
| Mötuneyti (matvæli) | 7,2 | 9,9 | 10,47 | 9,5 |
| Sérfræðiþjónusta | 7,3 | 8,8 | 8,184 | 8,8 |
| Tekjur | 39 | 53 | 55 | 56 |
| Þar af styrkir | 10 | | | |
| Gjöld | 405 | 471,4 | 587 | 641,0 |
| Eignakaup | 3,5 | 5,0 | 6,6 | 15,0 |
| Afgangur / halli Mkr | 10 | -4 | -22 | -32 |
| Hlutfall af fjárheimild og tekjum | 2,4% | 0,9% | 4,0% | 5,2% |
| Ársnemendur - rauntölur | 228 | 277 | 279 | 271 |
| Ársnemendur í fjárlögum | 237 | 225 | 229 | 260 |
| Kennslustundir/viku - meðaltal skólaársins | 569 | 547 | 500 | 505 |
| Laun og launatengd gjöld | 307 | 354 | 367 | 413 |
| Hlutfall launa af gjöldum | 76% | 75% | 63% | 64% |
| Dagvinna | 195 | 229 | 232 | 240 |
| Yfirvinna | 44 | 49 | 51 | 47 |
| Hlutfall yfirvinnu af dagvinnulaunum | 23% | 21% | 22% | 20% |
| Yfirvinna/mán vegna kennslu | 581 | 723 | 596 | 664 |
| Kennsluafsláttur vegna aldur, stöðugildi | 1,1 | 1,3 | 1,4 | 1,6 |
| Stöðugildi | 33 | 33 | 32 | 34 |

Hlutfall kennara með kennsluafslátt var 35% eða 13 af 37 kennurum ársins 2020. Þessir kennarar sinna 42% af kennslu. Stöðugildi vegna kennsluafsláttar eru nú um 1,6 og hefur hækkað um 1,5 stöðugildi frá 2017.

Leigusamningur fyrir húsnæði skólans hækkaði umtalsvert á árinu eins og sést af yfirlitinu hér framar. Þann 17. desember 2019 undirritaði skólameistari húsaleigusamning við Ríkiseignir vegna leiðréttinga á vantöldum 1400 fermetrum. Við þetta hækkaði leigan um kr. 16.401.532 fyrir allt árið 2019. Heildarhækkun húsaleigu frá fyrra ári er 88 milljónir króna en fjárheimildir til skólans hækkuðu um 90 milljónir króna sem þýðir að hækkun fjárheimilda er aðeins tvær milljónir króna milli ára þegar húsaleigan er frátalin. Hér má sjá sundurliðun á húsaleigu skólans:

| Götuheiti | Byggingarár | Skýring | Flatarmál m² | Leiga/m² | mánaðarleiga |
|---|---|---|---|---|---|
| Torfnes, sérhæfð bygging | 1975 | Heimavist | 2483,8 | 1962 | 4.873.216 |
| Torfnes, sérhæfð bygging | 1975 | íbúð | 49,7 | 1962 | 73.134 |
| Torfnes, sérhæfð bygging | 1975 | íbúð | 49,7 | 1962 | 73.134 |
| Torfnes, sérhæfð bygging | 1975 | íbúð | 42,2 | 1962 | 62.087 |
| Torfnes, sérhæfð bygging | 1975 | íbúð | 41,6 | 1962 | 61.214 |
| Torfnes, sérhæfð bygging | 1975 | íbúð | 41,6 | 1962 | 61.214 |
| Torfnes, bóknámshús | 1983 | Kennsluhúsnæði | 2581,3 | 1962 | 5.064.511 |
| Torfnes, verknámshús | 1994 | Verkmenntahús | 569,2 | 1962 | 1.116.770 |
| Sundstræti 28 | 1969 | 3 íbúðir + bílskúr | 400,4 | 1755 | 527.027 |
| Móholt 5 | 1980 | Einbýli | 207,5 | 1755 | 273.122 |
| Samtals | | | 6467 | | 12.185.439 |

Við upphaf skólaársins 2017-18 tók skólinn yfir allan rekstur mötuneytisins úr höndum einkaaðila. Nokkur halli hafði þá verið á rekstrinum mörg undanfarin ár. Í mötuneytinu starfar matreiðslumeistari í fullu starfi og aðstoðarmaður í hálfu starfi. Rekstur mötuneytisins stendur undir hráefniskostnaði en launakostaður fellur alfarið á skólann. Alltaf er leitað eftir hagstæðustu kjörum við innkaup og þjónustu.

Um fjárhagsstöðu skólans hefur ítrekað verið rætt á skólafundum MÍ með starfsfólki mennta- og menningarmálaráðuneytis á undanförnum árum. Á þeim fundum hafa stjórnendur MÍ útskýrt stöðuna og rætt um leiðir til bregðast við henni. Eins og fram hefur komið á þessum fundum skýrist slæm fjárhagsstaða einkum af nokkrum þáttum, sem flestir eiga sinn þátt í að valda hækkuðum launakostnaði.

Stjórn MÍ hefur haldið áfram að leggja áherslu á og byggja upp kennslu í verk- og starfsnámi, í samræmi við áherslur stjórnvalda. Má þar nefna að haldið er úti fámennum hópum í vélstjórnar- og málmiðngreinum. Boðið var upp á lotubundið staðnám í húsasmíði og skipstjórn A og B sem mikil aðsókn er í. Ekki var farið af stað með B-nám vélstjórnar sökum fjárskorts og fámenns hóps.

Skólinn mun halda áfram að leggja áherslu á að efla lotubundið staðnám (svokallað dreifnám) og fjarnám og viðhalda þannig góðri hópanýtingu.

Frá 2007 til 2019 hefur skólinn fengið styrki frá nærsamfélaginu samtals 49 milljónir króna og voru þeir nýttir til kaupa á kennslubúnaði og þá fyrst og fremst vegna kaupa á tækjum fyrir list- og nýsköpun, húsasmíði, Fab-Lab stofu, vélstjórn og málmiðngreinar. Án styrkja hefði skólinn verið með 31 milljón króna uppsafnaðan halla til viðbótar við þann sem fyrir er. Þessir styrkir hafa líklega haft áhrif á framlag ríkissjóðs og styrkir í raun runnið þannig að hluta beint til ríkissjóðs en ekki til skólans. Óskað hefur verið eftir því að skólinn fái þetta bætt en endanlegt svar hefur ekki borist.

# HÚSNÆÐI SKÓLANS

Byggingar skólans 9. mars 2009. Talið frá vinstri: Íþróttahús, bóknámshús, heimavist og verknámshús.

Bóknámshús skólans hentar vel fyrir þann fjölda bóknámsnema sem er nú og mun gera það þrátt fyrir að nemendum fjölgi á næstu árum. Brýnast er að bæta aðstöðu fyrir rafiðngreinar sem er nánast engin í dag. Aðstaða fyrir verklegt nám í húsasmíði og háriðngreinar stenst ekki öryggiskröfur og er ósamþykktu rými í kjallara heimavistar samtals . Sjá nánar í greinargerð sem send var til ráðuneytis 4. september 2020, https://www.smore.com/qcuxb

Skólinn hefur fengið og greitt fyrir  aðstöðu fyrir verklegt nám skipstjórnarnema (samlíkir og fjarskipti) hjá Tækniskóla Íslands og einnig hjá Netagerð Vestfjarða. Kennsla á tölvustýrðar vélar fyrir stálsmíðanema hefur farið fram hjá Skaginn 3X á Ísafirði frá 2008.

Til stendur að efla Fab-Lab smiðjuna á Ísafirði á næsta ári en þá vantar stærra húsnæði. Starfssemi Fab-Lab smiðjunnar beinist sífellt meira í stafræna tækni og gervigreind eins og reyndar húsasmíði, rafvirkjun og málmsmíði. Af þessum ástæðum væri afar heppilegt að þessar greinar væru í sama rými eða samtengdu rými og þannig myndu kennslutækin nýtast betur og greinar yrðu meira samþættar.

Ný verkmenntaaðstaða í kjallara heimavistar fyrir nýstofnaða húsasmíðabraut var tekin formlega í notkun á vorönn 2006. Aðstaðan er að stórum hluta í rými sem var aldrei samþykkt og átti í raun að vera lokað með uppfyllingu. Vinnuaðstaðan er þröng og hávaði frá trésmíðavélum skapar ónæði hjá heimavistarbúum sem eru fyrir ofan. Smíði smáhýsa á fjórðu önn húsasmíðabrautar verður að fara fram utandyra sem er oft mjög erfitt vegna veðurs og snjóalaga. MÍ er einn af fáum skólum á landinu þar sem húsasmíðanemar þurfa að smíða sín smáhýsi utandyra. Mikil aðsókn hefur verið á húsasmíðabraut undanfarin tvö ár og á síðasta ári var biðlisti í námið. Kennsla hófst á lista- og nýsköpunarbraut fyrir fjórum árum og hefur skort á hentugt kennslurými en núverandi kennslurými í húsasmíði myndi henta vel fyrir kennslu nýsköpunar- og listgreina. Á sama tíma og 1. áfangi verkmenntahúss var tekinn í notkun árið 1995 var ný aðstaða fyrir rafiðngreinar tekinn í notkun í rými á jarðhæð heimavistar þar sem nú er aðstaða fyrir Fab-Lab stofu. Kennsla í rafiðngreinum hefur ekki verið í boði við skólann síðan 2004 þar til á haustönn 2020. Mikill skortur er á iðnaðarmönnum í rafiðngreinum á Vestfjörðum og hafa fyrirtæki í þessari grein á svæðinu lýst áhyggjum sínum á stöðunni.

Á fundi skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði 26. september 2019 var samþykkt að kanna vilja sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum til að byggja 2. áfanga verkmenntahúss við hlið 1. áfanga sem reistur var 1994 á lóð skólans. Skólanefnd samþykkti einnig að byggingaráformum yrði hrint í framkvæmd sem fyrst. Jákvætt svar barst frá bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar um þátttöku í verkefninu. Í bréfi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þann 13. nóvember 2019 var óskað eftir áliti ráðuneytisins á þátttöku í þessu verkefni og að fjármögnun verkefnisins yrði tryggð fyrir fjárlagagerð 2021. Stjórnendur skólans vonuðust til að þetta yrði frágengið fyrir 50 ára afmæli skólans sem var þann 3. október 2020. Þessu erindi hafði ekki verið svarað í lok ársins..

Bætt aðstaða fyrir verknámskennslu er ætlað að þjóna öllum Vestfjörðum. Bætt aðstaða fyrir verknám gefur möguleika á auknu námsframboði verknámsgreina og styður við þá atvinnustarfsemi sem þegar er til staðar á svæðinu auk þess að skapa tækifæri fyrir fjölbreyttara námsframboð sem núverandi húsnæði skólans býður ekki upp á. Með tilkomu Dýrafjarðarganga munu samgöngur milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða batna til muna. Með þessum samgöngubótum verður fjölbreytt verknám í fyrsta sinn aðgengilegt fyrir nemendur á suðursvæði Vestfjarða sem m.a. uppfyllir kröfur næsta skólastigs og atvinnulífsins. Kennsla í verknámsgreinum í MÍ er í mörgum tilvikum kennd bæði í dagskóla og lotubundnu dreifnámi sem hentar vel fyrir þá sem búa lengra frá skólanum en hafa samt greiðar samgöngur. Undanfarin ár hefur slík kennsla verið í boði í húsasmíða-, sjúkraliða- og skipstjórnargreinum og á haustönn 2020 bættist grunnnám rafiðna í þann hóp. Hefur kennslan gefist vel og nemendur í slíku námi koma víðar að en frá Vestfjörðum einum.

---

Anna Jóna Kristjánsdóttir gæðastjóri

Friðgerður Guðný Ómarsdóttir fjármálastjóri

Heiðrún Tryggvadóttir áfangastjóri

Hildur Halldórsdóttir aðstoðarskólameistari

Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari